

Jarðfræðafélag Íslands

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2017

Á fyrri hluta starfsársins 2017 störfuðu í stjórn félagsins Sigurlaug María Hreinsdóttir (formaður), Esther Ruth Guðmundsdóttir (varaformaður), Lúðvík Eckardt Gústafsson (gjaldkeri), Erla María Hauksdóttir (ritari), Björn Harðarson (meðstjórnandi), Sýlvía Rakel Guðjónsdóttir (meðstjórnandi) og Þorsteinn Sæmundsson (meðstjórnandi).

Vorráðstefna félagsins var haldin þann 10. mars í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Líkt og áður var jarðfræðinemendum boðið endurgjaldslaust á ráðstefnuna, en stjórn félagsins telur mikilvægt að nemendur fjölmenni á ráðstefnur og viðburði félagsins og kynnist störfum jarðfræðastéttanna. Á ráðstefnunni var að vanda fjölbreytt dagskrá og mörg fróðleg erindi flutt. Ráðstefnuna sóttu yfir 100 manns, þar af fjölmargir nemendur. Alls voru 27 erindi haldin og 12 veggspjöld kynnt.

Vorferð var farin á vegum félagsins þann 11. júní undir leiðsögn Snæbjörns Guðmundssonar jarðfræðings. Ferðin var farin að Gvendarselsgígum vestan Helgafells, 18 manns fóru í ferðina í glimrandi sól og blíðu.

Aðalfundur félagsins var haldinn 28. júní í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Á aðalfundinum urðu nokkrar breytingar á stjórn. Úr stjórn gengu Esther Ruth Guðmundsdóttir sem hefur starfað í stjórn félagsins frá 2015 sem varaformaður og Björn Harðarson sem starfað hefur í félaginu frá árinu 2007 lengst af sem meðstjórnandi en varaformaður starfsárið 2011. Þeim tveimur er kærlega þakkað fyrir góð störf í þágu félagsins. Í þeirra stað gengu í stjórn þær Ásta Rut Hjartardóttir og Þóra Björg Andrésdóttir. Eftir aðalfund var skipan stjórnar eftirfarandi: Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Erla María Hauksdóttir (varaformaður), Lúðvík Eckardt Gústafsson (gjaldkeri), Sigurlaug María Hreinsdóttir (ritari), Sýlvía Rakel Guðjónsdóttir, Ásta Rut Hjartardóttir og

Þóra Björg Andrésdóttir (meðstjórnendur). Að öðru leyti voru störf aðalfundar hefðbundin.

Haustráðstefna félagsins var haldin 17. nóvember, í sal ÍSOR að Grensásvegi 9 í Reykjavík. Heiðursgestir ráðstefnunnar voru þeir Benedikt Steingrímsson eðlisfræðingur fyrrverandi aðstoðarforstjóri ÍSOR, Dr. Hjalti Franzon jarðfræðingur og Prófessor Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur. Þeir urðu allir sjötugir á árinu. Þema ráðstefnunnar var jarðhnik og tektónik. Fjöldi vísindafólks, sem á einn eða annan hátt tengdust heiðursgestunum, héldu erindi. Sýlvía Rakel Guðjónsdóttir, setti ráðstefnuna og þar á eftir voru flutt eftirtalin 22 erindi og eitt veggspjald kynnt:

Hjalti Franzon, Íslenskum orkurannsóknnum. *Jarðfræði í rötum háhitakerfa.*

Kristján Sæmundsson, Íslenskum orkurannsóknnum. *Jarðhiti og virka brotamunstrið á Snæfellsnesi.*

Páll Einarsson, Jarðvísindastofnun Háskólans. *Short-term seismic precursors to Icelandic eruptions 1973–2014 and success rate of pre-eruption warnings.*

Bryndís Brandsdóttir, Jarðvísindastofnun Háskólans. *How can earthquakes illuminate the tectonics of dike intrusions? Examples from the Krafla 1975–1984 and Bárðarbunga, 1996–2015 rifting events.*

Þóra Árnadóttir, Jarðvísindastofnun Háskólans. *Crustal deformation and strain rates in Hengill and the South Iceland Seismic Zone.*

Daði Þorbjörnsson, Íslenskum orkurannsóknnum. *Suðurlandskjálfti 2008. Áhrif á jarðhitakerfi.*

Andri Stefánsson, Jarðvísindastofnun Háskólans. *Supercritical fluids around magmatic intrusions.*

Sæunn Halldórsdóttir, Íslenskum orkurannsóknnum. *IMA-GE er lokið? hver var ávinningurinn?*

Bergrún Arna Óladóttir, Jarðvísindastofnun Háskólans. *Catalogue of Icelandic Volcanoes (CIV).*

Valdís Guðmundsdóttir, Íslenskum orkurannsóknnum. *Flow measurements with a spinner logging tool in geothermal wells at Peistareykir: Processing and interpretation with the aim of locating feed zones in wells.*

- Kristján Ágústsson, Íslenskum orkurannsóknum. *Mat á spennu í skorpunni á Íslandi og vatnsleiðni í sprungum.*
- Ásta Rut Hjartardóttir, Jarðvísindastofnun Háskólans. *Eru Hljóðaklettur og Rauðhólar í Jökulsárgljúfrum gervígígar?*
- Sveinbjörn Björnsson, Orkustofnun. *Virkjun hraunhita í Heimaey.*
- Jessica Lynn Till, Jarðvísindastofnun Háskólans. *"Deciphering the deformation history of oceanic shear zones through mineral microstructures".*
- Kristín Jónsdóttir, Veðurstofu Íslands. *Bárðarbunga eftir gos.*
- Ólafur G. Flóvenz, Íslenskum orkurannsóknum. *Tilraun með VSP mælingar í Kröflu.*
- Maxwell Brown, Jarðvísindastofnun Háskólans. *The Laschamp Excursion and Today's Earth's Magnetic Field.*
- Árni Hjartarson, Íslenskum orkurannsóknum. *Jarðhiti neðansjávar og hafsbotsjarðfræði í Eyjafirði.*
- Sigurveig Árnadóttir, Jarðvísindastofnun Háskólans. *Kortlagning Torfufellseldstöðvarinnar.*
- Hanna Blanck, Íslenskum orkurannsóknum. *The IMAGE passive seismic project on Reykjanes peninsula, Iceland.*
- Anett Blischke, Íslenskum orkurannsóknum. *Volcanic systems and structural styles along fracture zones in the central Northeast Atlantic, possible analogue applications for Iceland.*
- Heimir Ingimarsson, Íslenskum orkurannsóknum. *Jarðhitaleit við Ölfusá á Selfossi.*

Ingi Þorleifur Bjarnason, Jarðvísindastofnun Háskólans. *Seismotectonics of the Geysir Area in South Iceland during the period 1995 to 2001.*

Í lok ráðstefnunna var móttaka til heiðurs Benedikt, Hjalta og Páli. Góður andi ríkti á ráðstefnunni sem um 80 manns sóttu og tókst hún í alla staði, heiðursgestum og öðrum þáttakendum til mikillar ánægju.

Eftirfarandi nefndir störfuðu á vegum félagsins:

Eftirfarandi nefndir störfuðu á vegum félagsins.

Jökull – fulltrúi félagsins í ritstjórn Jökuls: Gréta Björk Kristjánsdóttir. Í ritnefnd, Karl Grönvold og Kristján Sæmundsson.

Sigurðarsjóður – Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Freysteinn Sigmundsson og Kristín S. Vogfjörð.

Sigurðarmedalía – Olgeir Sigmarsson (formaður), Ármann Höskuldsson og Þorsteinn Sæmundsson.

Orðanefnd – Haukur Jóhannesson (formaður), Steinþór Níelsson og Ívar Örn Benediktsson.

Síðanefnd – Ívar Örn Benediktsson (formaður), Daði Þorbjörnsson og Kristín S. Vogfjörð.

Löggildingarnefnd – Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Sigmundur Einarsson og Páll Halldórsson.

IUGS (International Union of Geological Sciences, nefnd skipuð af umhverfisráðherra) – Þorsteinn Sæmundsson situr í stjórn fyrir hönd JFÍ.

Þorsteinn Sæmundsson